

andinn, Kristján Ó. Þorgrímsson, hinum stefnda, Lárusi Bjarnason fyrir hönd S. Friedlænders, 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. ágústmánaðar.

Nr. 4/1893:

Vigfús Þórarinsson

gegn

hreppsnefndum Hvamms- og Dyrhólahreppa í Vestur-Skaptafellssýslu.

D ó m u r:

Mál þetta höfðu í hjerði hreppsnefndirnar í Hvamms- og Dyrhólahreppum í Skaptafellssýslu, er Dyrhólahreppi hinum forna hefur verið skipt í, gegn áfrýjandanum Vigfúsi bónda Þórarinssyni á Ytri-Sólheimum til að fá hann skyldaðan til að greiða sjer meðal annars eptirgjald eptir 5 hndr. f. m. í Ytri-Sólheimum frá fardögum 1879 til fardaga 1891, en jarðarhundrað þessi hafði eigandinn Sveinn Árnason fengið hreppsnefndunum til umráða, er hann fluttist burtu úr hreppnum, svo sem með lageda framfærslustyrk með konu hans, Margrjeti Berentsdóttur, er hann skildi þar eptir. Málid var dæmt í aukarjetti Skaptafellssýslu 18. ágústmán. f. á. þannig, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða hinum stefndu afgjald af umræddum jarðarparti fyrir greind ár, 174 kr. 59 a., og árlegt fjörfúður svo nefnt, eða eptirgjald eptir fjöruna að rjettri tiltölu fyrir sama tíma, eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna, en að

öðru leyti skyldi hann vera sýkn af kröfum hreppsnefndanna. Í gagnsóknarmáli, er áfrýjandinn jafnframt hafði höfðað til þess að fá hreppsnefndirnar skyldaðar til að greiða sjer meðlag með fyrnefndri Margrjeti Berentsdóttur um 7 ára tíma, er hann taldi hana hafa dvalið hjá sjer, 390 kr., voru hreppsnefndirnar sýknaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú Vigfús Þórarinsson áfrýjað til yfirdómsins og krafizt þess, að hreppsnefndirnar verði skyldaðar til að greiða honum 390 kr. sem meðlag með fyrnefndri Margrjeti ásamt 5% vöxtum frá gagnkæru-
degi til borgunardags, hvorttveggja að frádregnu afgangi af 5 hndr. í Ytri-Sólheimum fyrir árin 1879—91, svo og allan málskostnað fyrir báðum rjettum. Hinar stefndu hreppsnefndir, sem hafa fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málflytningsmann, hafa aptur á móti krafizt þess *fyrst og fremst*, að málinu verði vísað frá yfirdómi og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað allan, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns þeirra hjer fyrir rjettinum. *Til vara* hafa þær krafizt staðfestingar dómsins og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim allan málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns þeirra.

Frávísunarkröfu sína byggja hinar stefndu hreppsnefndir, eða hinn skipaði talsmaður þeirra á því, að vottorð sýslumanns vanti um það, að þeir menn, er birt hafi yfirdómsstefnuna, sjeu eiðsvarnir stefnuvottar í blutadeigandi hreppi, að vissu vanti fyrir því, að stefnan sje birt öllum eða nægilega mörgum hreppsnefndarmönnum, og að þeir, er birt hafi stefnuna, hafi eigi í vottorði sínu skýrskotað til áður unninna eíða. En þar

sem því alls eigi er neitað af hálfu hinna stefndu, að þeim hafi verið birt yfirdómsstefnan að öllu leyti löglega, enda hafa þeir látið mæta fyrir yfirdóminum í máli þessu, þá verður frávísunarkröfu þessari eigi gaumur gefinn.

Eins og málið liggur fyrir yfirdóminum er engin vefenging á því frá hálfu áfrýjanda, að hinar stefndu hreppsnefndir hafi haft afnota- og umráðarjett yfir þeim 5 hndr. f. m. í jörðinni Ytri-Sólheimum, er ræðir um í málinu, og að þeim hafi því borið afgangjald það eptir hundruð þessi fyrir árin 1879—91, er áfrýjandi hafði ábúð á þeim, er undirdómurinn hefur dæmt þeim, og hefur áfrýjandi eigi sjerstaklega fundið neitt að uppbæð tjeðrar afgangjaldskröfu. Ákvæði undirdómsins um afgangjald af jarðarhundruðunum, þar með talið eptirgjaldið eptir fjöruna, fjörufóðrið, verða því að standa óhöggud. Hinsvegar hefur áfrýjandinn haldið fram fyrir yfirdóminum kröfu sinni í gagnsókninni fyrir undirrettinum um 390 kr. meðlag úr hreppssjóði með Margrjeti Berentsdóttur fyrir 7 ára tíma, er hún hafi dvalið hjá honum. Hinar stefndu hreppsnefndir hafa neitað því að það hafi verið að ráðstöfun þeirra, að Margrjet dvaldi hjá áfrýjandanum umræddan 7 ára tíma, og með því að áfrýjandi hefur eigi gegn þeirri neitun sannað, að svo hafi verið, eða fært á annan hátt næg rök fyrir því, að hreppunum beri að greiða honum greint meðlag eða endurgjald, þá verður þessi krafa hans eigi tekin til greina.

Samkvæmt þessu, og þar sem ekkert er að athuga við málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir og eptir atvikum mega falla niður.

Hinum skipaða talsmanni hinna stefndu hreppsnefnda-ber í málflutningslaun fyrir yfirdómi 15 kr., er greiðist honum af almannaþje, og vottast að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Hinum skipaða talsmanni hreppsnefndanna, cand. jur. Hannesi Thorsteinson, greiðast í málsfærslulaun af almannaþje 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög- birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 21. ágústmánaðar.

Nr. 27/1893:

Rjettvísinn
gegn

Tómasi Tómassyni.

Ú r s k u r ð u r :

Áður en fullnaðardómur verði lagður á þetta mál virðist nauðsyn til bera, að hjeraðsdómarinn útvegi þær ýtarlegri skýrslur, er nú skal greina:

1. Hvort hinn ákærði í rjettarhöldunum 4. febr. 1891 hafi mætt sem sakborningur eða vitni, eða hvort- tveggja.
2. Hve lengi hann hafi verið í gæzluvarðhaldi og hversvegna.
3. Hvort hann hafi í upphafi verið krafinn andsvara